

HELMIR

V. úrgangur

WINNIPEG, 1908.

6. blað.

Fyrir dag.



R það dagur eða tunglið bleika
Er um glugga hússins bjarmar inn?
Eða leggur litla týran veika,
Lampa frá, þar götulýðir reika,
Gagnert hingað glampann föla sinn?

Er það sannleiksljós eða lygaglæta
Ljosið það, sem vitið að sér snýr?
Hvar er sönnun? — Það má lengi þræta,
Þar sem sljófir glampar augum mæta,
Hvað þeir sé og hvað þá bak við býr.

Lífsins fölvi, mannheims mjallarlýsa,
Myrkurhverfis hæðiorð og briggzl,
Fyllir nótt með nákul feigðarísa:
Nepjur upp af frostnum straumum rísa.
Sorg og ótti verða þær á víxl.

Kristinn Stefánsson.

JÓLAGLEÐIN



UM ÁRAMÓTIN er skammt stórhátíða á milli í Norður heimi. Þá koma Jólin, er ungir og gamlir fagna allra daga mest. Það má einu gilda hver skoðun manna er, hverju þeir trúu, hvaða grein menn gjöra sér um helgi þeirra, Jólin eru hátíða mest. Þau eru hin sérkennilega hátíð Norðurlandanna. Ljósahátíðin forna, þegar norðurhvel jarðar fer aftur að komu betur og betur fram í dagsbirtuna og sólargeislarnir að falla beinna og beinna niður á fannirnar og ísbreiðurnar. Það hræði til fagn aðar og gleði þá, er fyrir algleymdum öldum sóttu stríðið fyrir lífsviðurhaldi sínu af ofurkappi, og það snertir enn sama strenginn í hjörtum sona þeirra og dætra ósjálfrátt.

„Sólin blessuð vermi þig,“ sagði fífillinn, Það er góð og gild ósk enn þá.

Um margar vikur og daga er upphimins loftið að kólna, hiti jarðar að stíga upp til skýjanna og upp fyrir skýin og týnast út í geininn. Á sama tíma er kuldinn meir og meir að safnast fyrir. Norðurhvel vott þrengir sér meir og meir inn skuggana og frostið les sig fastara ofan í moldina. Löngu næturnar senda kvíða hroll í gegnum hverja taug manna og dýra. Baráttan fyrir tilverunni hardnar. En svo lengist ekki nóttin lengur, og daginn styttir ekki lengur. Sólargeislarnir fara aftur að verma upphimins loftið og eftir fáa mánuði fer jörðinni að hlýna, og af himni að falla regn, í stað fanna og snjóa. Náttúran sjálf gengur í lið með mönnum og dýrum, að verja illum dauða!

Góð tíðindi! Gleðilegur boðskapur, er viðkemur öllum. Friður á jörðu og velþóknun yfir mönnum!

Fjárhirðarnir gömlu, er vöktu yfir hjörðum sínum um nætur, fundu til þessa. Það var sezt að veizlu, etið og drukkið. Er daginn tók að lengja, komu gleðileg jól, og hátíðin haldin með soðveizlum og ölteiti. Gleðióp mannanna, reykurinn upp frá hlóðunum og gufan frá soðkötunum, stigu í þrífningu upp frá jörðunni til himna.

Gleðileg Jól! Og mjög snemma á tíma færði kyrkjan fæðingarhátíð Meistara kristninnar yfir á þessa hátíð. Hann fæddist í Bethlehem á jólum, í þann mund er fórnareldarnir brunnu sem skærast á Norðurlöndum, þegar hátíðareykinn lagði í skýjaböndum til himins frá Alemanníulandi, er gleðidansinn var sleginn sem hæst í Hlymsdölum. Undarlegt, óviðjafnanlegt, kristnin varð að innblása hátíðina. Hún gat ekki aftekið hana.

Og svo hafa „Gleðileg Jól“ verið hrópuð mann frá manni ofan aldirnar, og „Jólum mínum uni eg enn.“ Bergmálið forna líður inn um lokadar dyruar hjá mér og gnauðar í vindinum, er þýtur fyrir gluggann. Það er dátt í Hlymsdölum. Ketilhaldan er flotstorkin í Þrándheimi — Og af hæðum Austurlanda eru útréttar hendur til vonar og líkar. „Komið til mín!“ Fráneygi, myrkhærði, þýðmáli sonur Galílea lands, hverjir komu til þín? „Þeir hristu höfuð sín og gengu fram hjá.“

Er eg blendinn í trúnni? Thorvaldsen hefir höggvið þessa mynd í hvítan leir. Og hverjir eru Mattheus, Markús, Lúkas og Jóhannes, Rafael eða Angeló? Thorvaldsen hefir höggvið myndina. Þannig er hún vor. Og hún er mér kær. Hún er hold og býr með oss. Innofin vorum sögnum og vorum síðum. Í veizlusalinn í Hlymsdölum að Uppsölum: hjá Niðarósi, treður ókunnur maður. „Komið til mín!“ Sameinið guðahelginni mannhelgina. „Friður á jörð!“

* *

* *

* *

Gleðileg jól! segja menn nú, og með gleðilegu jólonum er hjálpræðisherinn búinn að hengja upp krókpotta sína við hvert götuhorn. Bústnir, blánefjaðir og borðalagðir sáluhjálpar soldátar standa yfir þeim, berja sér og blása í kaun. Sáluhjálpar soldátar, er með elju og ástundan frelsa sálina frá líkamanum, það lítið er vera kann af sál í *unventu* iðrandi syndurunum. Þeir biðja um gjafir í pottinn, seðla, smápeninga, eirskildinga, svo að sjóði í pottinum og fátækir fái jólamat. Kærleiksverk! seðja hungraða um jólin. — Já, aðeins þeir vildi seðja og gæti satt. —

Eftir hverju þyrstir og hungra menn mest?— Í ölmuspottinn eða rettlæti, — almenn réttindi og heilbrigða þjóðarhugsun, að það þurfi ekki að kosta fyrirlingu, manndómsmissir, lítilsvirðingu réttmætra tilfinninga og hugsjóna, þó menn séu fátækir. Og hvað er ölmuspotturinn? Skattur, er hrokinn og ríkilætið greiðir örbirgðinni. Skattur, — nei, leyfisgjald, einkaleyfis-eyrir, að mega horfa niður til og fyrirlíta. Hve óskýlt og þetta:— „Komið til mín!“

* *

* *

* *

Gleðileg jól! — og þó eru þau það víða. Af fjarlægum stöðum keppa börn heim til foreldra, til að sitja jól í föðurgarði, eins og meðan þau voru yngri. Bændur, er stunda erviði langt frá heimili sínu, snúa heim. Hugurinn er heim. Og um þessar hátíðar er það enn eins og verið hefir. Og það er vel þökk fyrir þá jólagleði og þann jólafríð. Fyrnist hann aldrei.



ÖRK NÓA.

Snúasaga eftir MARK TWAIN, úr sagnaflokknum „Um allar tegundir skíja.“

FRAMFÖRIN í skipasmíði er mjög eftirtektaverð frá því á dögum Nóa. Sama má segja að vægð skipalaganna á dögum Nóa, koma alveg í undraverða mótsögu við hörku skipalaganna, eins og þau tíðkast nú. Það hefði verið alveg ómögulegt fyrir Nóa að gjöra það nú, á vorum tímum, það sem honum leiðst að gjöra þá. Reynslan er marg búin að kenna oss þá nauðsyn, að fara gatillega, vera vandlátir hversu farið sé með líf og heilsu manna. Þeir hefði ekki leyft Nóa að sigla frá Brimum nú á dögum á Örkinni. Gæzlumenuirnir hefði komið og yirlitið alla Ökiri og fundið henni alt til foráttu. Sá maður, er kunnugur er á

Þýzkalandi, á ekki ervitt með að hugsa sér þann atburð og samtalið alt til enda, án þess að tapa þar úr einu orði. Gæzlu- maðurinn, í skrautlegum hermanna búningi, færi um borð í Örkinni, hann er kurteis, tígulegur, vingjarnlegur maður, sann- arlegt þrúðmenni, en óvikjanlegur, eins og Pólstjarnan, að gefa nokkuð eftir af því sem lögin fyrirskipa. Hann myndi byrja á því að láta Nóa segja til hvar hann væri fæddur, hve gamall hann væri, hvaða trúflokki hann teldist, hve miklar tekjur hann hefði á ári, til hvaða stöðu og stéttar hann teldi sig í mannfé- laginu, hvaða atvinnugrein hann ræki, hve margar konur hann ætti og börn, hvað margt þjónustufólk, og nafn, aldur og kyn- ferði hvers um sig. Ef hann ekki hefði siglingarleyfið myndi hinn biðja hann, allra vinsamlegast, að fá það, og það tafar- laust. Að því búnu myndi talið hneigjast að örkinni.

„Hvað er hún löng?“ — „Sex hundruð fet.“

„Hvað djúp?“ — „Sextíu og fimm“

„Hvað breið?“ — „Fimmtíu til sextíu.“

„Af hverju gjörð?“ — „Tré.“

„Hvaða tegund?“ — „Shittín og Gopher við.“

„Hvernig skreytt, innan og utan?“ — „Bikuð bæði utan og innan.“

„Farþegar?“ — „Átta“

„Kynferði þeirra?“ — „Helmingur karlmenn, hitt konur.“

„Aldur?“ — „Yngst hundrað ára og þar yfir.“

„Yfir til?“ — „Sex hundruð ára.“

„Og ætlar til Chicago? Ágætt sannarlega! En skipslæknir- inn heitir?“ — „Vér höfum engan skipslækni.“

„Verðið að hafa skipslæknir, og mann sem sér um greftran- ir,— umfram alt mann sem sér um greftranir. Það má ekki fara svo með þetta fólk að það hafi ekki allar þær lífsnauðsyn- jar er aldur þess útheimtir. En skipsmenn, hverjir eru skips- menn?“ — „Þessir sömu átta.“

„Þessir sömu átta?“ — „Þessir sömu átta.“

„Og helmingur þeirra er konur?“ — „Já.“

„Hafa þær nokkurntíma áður verið sjómenn?“ — „Aldrei.“

„En þessir menn.“ — „Aldrei.“

„Hvar hæfið þér alist upp? — „Öll fædd og uppalin á búgarði.“

„Nokkurt yðar nokkru sinni komið á sjó? — „Aldrei.“

„Á skipi þessu ætti að vera minst átta hundruð skipsmenn, með því að það er ekki gufuskip. Og þér verðið að fá þá. Og níu við matreiðslu og fjóra til snúninga. Hver ræður skipi? — „Eg.“

„Þér verðið að útvega yður skipstjóra, einnig herbergisþernu, ennfremur sjúkrahæður handa þessu gamla fólki. En hver sagði fyrir um smíði skipsins? — „Eg gjörði það.“

„Er það yðar fyrsta smíði? — „Já.“

„Mig hálfvegis grunaði það. Hvaða farn flytur það? — „Dýr.“

„Dýr? Og hvaða tegundir? — „Allar tegundir.“

„Vilt eða tamin? — „Næstum öll alveg ótamin.“

„Útlend eða innlend? — „Næstum öll útlend.“

„Hver eru helzt þeirra viltu? — „Megaperiár, fflar, nas-hyrningar, ljón, tigrís, úlfar, höggormar, eiturormar og nöðrukyn,—allar tegundir lofts, lagar og lands,—tvö af hverri tegund.“

„Í sterkum grindum? — „Nei, í engum grindum.“

„En þau verða að vera í járngrindum. Hverjir hirða um og brynna þessum dýrum? — „Vér.“

„Þetta gamla fólk? — „Já.“

„Það er háskalegt— fyrir hvortveggja. Æfðir og traustir menn verða að hirða um skepnurnar. Hvað eru dýrin mörg? — „Þau stóru sjö þúsund, stór og smá til samans um níutíu og átta þúsund.“

„Þér verðið að fá í það minsta tólf hundruð manns til að gæta skepnanna. En hvernig er skipið lýst? — „Með tveim gluggum.“

„Hvar eru þeir? — „Uppi undir þekjunni.“

„Einir tveir gluggar á þessum dalli, sex hundruð feta löngum og sextíu feta djúpum. Þér verðið að fá yður rafmagnsljós, nokkur þau stærri og fimtán hundruð smærri. En hvaða ráðstöfun gjörið þér fyrir leka? Hvað margar dælur eru á skipinu? —

„Engin.“

„Þér verðið að hafa dælur á skipinu, — en hvernig náði þér í vatn handa farþegjunum og skepnunum?“ — „Sökkvum í fötur út um gluggana.“

„Það er ónóg. Hvaða hreyfikraft notarðu?“

„Hvaða hreyfi- hvað? Eg skil það ekki.“

„Hreyfiafl. — Hvernig ferðu að hreyfa skipið, — hvaða hreyfi afl notarðu?“ — „Ekkert, alls ekkert.“

„Þér verðið annaðhvort að hafa segl eða gufu. En meðal annars, hvernig er stýrisáhaldið á þessu skipi?“ — „Það er ekkert.“

„Ekkert stýri?“ — „Ekkert.“

„Hvernig stýrið þér skipinu?“ — „Stýrum því ekki.“

„Þér verðið að hafa stýri, og það vandað og vel umbúið. En hvað hefir skipið mörg akkeri?“ — „Engin.“

„Þér verðið að hafa sex, það leyfist engum að sigla skipi héðan án slíkra tækja. Hvað eru björgunar bátarnir margir?“ — „Engir.“

„Tuttugu og fimm í það minnsta. Hvað hafið þér mörg björgunarbelti?“ — „Engin.“

„Þér gjörðið svo vel og útvegið tvö þúsund. En hvað lengi búist þér við að verða í þessari sjóferð?“ — „Ellefu eða tólf mánuði.“

„Ellefu eða tólf mánuði, — heldur hægfara, en svo ættuð þér að komast á Sýninguna í tíma. En með hverju er skipið varið. Kopar?“ — „Kjölurinn er óvarinn, ekki klæddur með neinu.“

„Minn góði maður, öll þessi sjáfar kvikindi, sem bora sig gegnum alt, eta á það gat við gat, svo skipið verður sokkið til botns innan þriggja mánuða. Þér verðið að láta járnklæða það, í þessu lagi farið þér *ekki* á stað með það. En eitt orð til: hafið þér nokkuð hugsað út í það að Chicago borg stendur inni í miðri heimsálfu, og verður ekki komist þangað á skipi neitt svipuðu þessu. — — —“

„Shecargó? Hvað er Shecargó? Eg ætla ekki til Shecargó!“

„Einmitt það! En má eg þá spyrja, til hvers ætlið þér þá öll dýrin?“ — „Til að geta af sér önnur.“

„Önnur? Og er það mögulegt að yður finnist þér ekki hafa

nógu mörg? — „Sem stendur, ójú, en svo verður öllum hinum drekkt í flóði, og þá eiga þessi að bæta það upp.“

„Í flóði? — „Já.“

„Eruð þér svo alveg vissir um það? — „Alveg áreiðanlega viss. Það á að rigna í fjörutíu daga og fjörutíu nætur.“

„Hafið á yður engan eril út af því, kunningi, það kemur nú oft fyrir hér.“

„Ekki þess konar rigning, því vatnið á að ganga yfir fjallatoppana og jörðin öll að sökkva í kaf.“

„Heimulega, — en ekki sem embættismaður auðvitað, — þykir mér fyrir að verða að segja yður að eg verð að taka aftur skilmála þá er eg setti, að þér mættuð nota annaðhvort segl eða gufu, því eg hlýt að heimta að þér notið aðeins gufu. Skip yðar ber ekki hundrabasta hluta alls þess vatns er þér þurfið fyrir dýrin, þér verðið því að hafa vatnsþykki til fararinnar.“

„En eg hefi sagt yður að eg ætlaði að ausa upp vatni að utan frá með fötum.“

„En það hjálpar ekki. Áður en flóðið nær efstu fjöllum hefir vatnið alt samlagast sjónum og alt orðið salt eins og sjór. Þér verðið því að útbúa skip yðar með gufuvélum, og sjóða niður nóg vatn til ferðarinnar. En nú hlýt eg að fara og bjóða yður góðan dag.“ En skildi eg það rétt að þetta væri yðar fyrsta smíð á skipum?“

„Mitt allra fyrsta, og eg segi yður rétt eins og er, eg smíðaði þessa Örki, án þess að hafa hina minstu æfingu eða reynslu fyrir mér, eða njóta hinnar minnstu tilsagnar, hversu skip ætti að vera smíðuð.“

„Sannarlegt furðusmíð, eg verð að játa það furðusmíð, og álit eg að í mörgum greinum beri það fleiri fáheyrð auðkenni— algjörlega ný, er engum hefir til hugar komið, — en nokkurt annað skip, er siglir um sjóinn.“

„Lofsyrði yðar, kæri herra, eru mér ómetanlegt hrós, og minninguna um þau mun eg geyma eins lengi og lífið varir. Eg bið yður, meðtakið mitt auðmjúkasta þakklæti fyrir alla þá velvild. Farið í friði!“

Nei, þýzki eftirlitsmaðurinn myndi sýna sig alveg takmarkalaust mjúkan og blýðan við Nóa og láta hann finna til þess að hann væri í vina höndum, en honum kæmi ekki í hug, að leyfa honum að leggja í haf á Örkinni.



WILLIAM HOWARD TAFT.



JALDAN hefir reynt meira á réttsýni Bandaríkjamanna en við kosningarnar á þessu hausti, er þeir voru í kjöri um forseta embættið William H. Taft og William J.-Bryan. Báðir eru þeir taldir hinir mestu skörungar, en það bar í milli í dómum um þá, að Taft er Unitari, en hinn sanntrúaður Mepodisti, og urðu margir til þess að heita á þröngsýni kyrkjuflokkanna orþodoxu að duga nú vel og „verja heiðingja völd og virðingu.“ Fram og aftur um alt landið, eftir að Taft játaði þá sök á hendur sér, að hann væri Unitari, byrjuðu ofsóknirnar, frá höndum ýmsra klerka og kyrkna. Deilur þar gengu svo langt að síðast sá Roosevelt forseti sig knúðan til að taka til máls og þagga niður í háreystinni. Hann benti á, að ekki væri til ómannlegri tilraun en sú, að rægja umsækjanda, er í öllu hefði sýnt afburði um aðra menn fram, í hverju því máli er honum hefði verið falið af þjóðinni, og þau væru þegar orðin mörg og mikilsverð, vegna þess hann væri annarar trúarskoðunar en fjöldi kjósenda. Fyrst af öllu bæri að líta á manninn, hvort hann væri hæfur eða vanhæfur fyrir stöðu þá er hann bæði um, og þar næst að athuga trúarskoðun hans, hvort hún væri þess eðlis að lítillækka hugsunarhátt hans, og gengi í bága við það siðalögmál, er væri aðalafi heimsmenningarinnar.

Ávarpi forseta var vel tekið. Margir fleiri beztu menn þjóðarinnar brutu á, að í landi, þar sem þjóðfrelsi og trúfrelsi

ætti aðal ból, sæti það illa á nokkrum að sakfella merkisbera þjóðarinnar þótt skoðanir þeirra væru frjálsar á málefnum kristindómsins, með því líka að allur skólaheimurinn virtist óðfluga vera að færast inn á skoðanir Unitara í þeim efnum. Hvort Kristur hefði verið eingetinn væri þýðingarminna atriði heldur en hitt, að takandi væri mark á mannréttindakeningum hans. Að Unitarar gjörðu það, efaðist enginn um.

Úrslitin urðu þau að 3. Nóv. á þessu hausti, var Taft kosinn forseti, með miklum meiri hluta yfir andstæðing sinn. Það er í þriðja sinn að Unitariskur forseti sezt að völdum í Bandaríkjunum. Hinir tveir, er opinbert tilheyrðu Unitara-kyrkjunni, voru þeir feðgarnir, John Adams og John Quincy Adams. Washington, Jefferson og Lincoln, voru þeirrar skoðunar líka, þó ekki stæði þeir í kyrkju. Undarlegt má það virðast, eins góð trú og réttvís eins og oss er ávalt sagt að Lútherskan sé, að enginn forsetanna skuli hafa verið Lútherskur. En Unitarar, er þeir segja mönnum út um byggðir að sé að hverfa í Bandaríkjunum, íslenzku prestsefnin frá Lútherska skólanum í Chicago, skuli vera kosnir hvað eftir annað í æðstu embætti landsins, og það nú, einmitt þegar þeir eiga að vera að hverfa úr sögu.

Oss fannst það vel hlýða, að Heimir flytti mynd af Taft forseta, nú í áramótablaðinu, og gæti helztu æfatriða hans, þar sem hann er einn helzti styrktarmaður og merkisberi Unitarisku hreyfingarinnar hér í álfu.

William Howard Taft er fæddur 15. Sept. 1857, í borginni Cincinnati í Ohio ríki, af enskum ættum. Faðir hans Wm. Taft, var lögfræðingur og stjórnámálamaður, um langan tíma sendiherra Bandaríkjanna til Austurríkis og síðar til Rússlands. Hann andaðist 1891. Taft forseti stundaði nám í fæðingarsborg sinni og útskrifaðist í lögfræði 1880. Lagði hann þá fyrst fyrir sig blaðamennsku jafnframt lögfræðisstarfi, en nokkrum árum síðar var hann kjörinn dómari þar í ríkinu. Fór hann þá mjög að gefa sig við stjórnfræði úr því, og er hann nú talinn meðal þeirra allra fremstu hér í álfu, í öllu aðlútandi alþjóðalögspæki.

Eitthvert fyrsta afreksverk hans, er hann hlaut frægð fyrir,



WILLIAM HOWARD TAFT,

Hinn nýkosni forseti Bandaríkjanna fyrir tímabilið 1909—1913.

var þegar hann gjörði um þrætumál Breta og Bandaríkjanna út af selveiðunum fram með Alaska og í Behringssundi. Út af sigri þeim, er hann hlaut í því máli, skaut honum svo fram, að enginn þótti líklegri til að koma skipulagi á í Philippine eyjunum, eftir að Spanska stríðinu lauk, en hann. Þurfti á allri varhyggni að taka, er hann var settur landstjóri þar, að ekki logaði uppi ófriður um allar eyjarnar, og áttu Bandarískjan enn þá um tíma í vök að verjast að koma á friði. Þegar Taft fór þaðan, árið 1903, voru eyjamál komin í það horf að þar var komin á fót sem næst innlend stjórn, mentamál komin í gott horf, skólar settir fram og aftur um allar eyjarnar, fasta her Bandaríkjanna allur dreginn burt og sóttvarnar reglur settar í öllum hafnarborgum. Er það flestra mál, að Manila borg sé eins heilnæmur staður og finnist á meðal stórborga Ameríku, er áður var eitthvert hið mesta pestarbæli.

Árið 1903 varð Taft hermálaráðgjafi í ráðaneyti Roosevelts, og nú fyrir tveimur árum, þegar uppreistin varð í Cuba móti heimastjórninni og Bandaríkjapingið tók við yfirráðum eyjarinnar, hafði Taft alla stjórn-gæzlu á eyjunni. Undir umsjón hans komust mál Cubamanna brátt aftur í samt lag og tóku þeir aftur við sjálfsforræði sínu á síðastliðnu hausti.

Taft er einhver víðförulasti Bandaríkjamaður núlifandi, og eru ferðalög þó ekki ótíð í landi þar. Tvisvar hefir hann farið í kring um hnöttinn, og nú í síðara skiftið fór hann yfir alt Rússaveldi. Hann er manna kunnugastur öllum afkymum Ameríku og hefir sá kunnleiki hans komið sér vel, ekki sízt um árið þegar Panama þrætan lá fyrir, út af lýðveldismyndun Panama ríkis. Í heimamálum er hann Republikani, en þó með þeim ummerkjum, að hann er mjög mótfallinn hátollastefnu flokksins, og hefir hann heitið því, að nema af tolla að mestu, þegar hann tæki við stjórn. Hann er manna vinsælastur af allri alþýðu og hyggja menn gott til stjórnartíðar hans.



Þorsteinn Þorsteinsson:

GALLAGRIPUR.



SKAPARI, eg þakka þér
þinna verka lýti,
þau eru oft, þá illa fer,
einu lífsins býti.

Sízt ber mér að segja frá
svaðilförum mínum:—
göllum þeim sem urðu á,
öskubíti þínum.

Og þá sýna ekki þarf
augum þinna vina,
sem að þú gafst alt í arf
utan hreinskilnina.

Glöggir æ þeir gæta að
glufu á hverju fati.
Jafnvel leita á leyndum stað
litlu eftir gati.

Vilja þeir að sérhver sé
sorgar klæddur skrúða.
Ösli í tárum upp í hné—
auðsveipur sem brúða.

Heilagur og hreinn sem mjöll
hver einn þykist vera.—
Sakleysisins fossaföll
fannhvíta þá gera.

KVÆDI þetta var ætlað Hkr. af höf., en með leyfi hans flytur Heimir það líka, af því oss finnst það þarfleg áminning og nokkuð er gjarna mætti í-
bugast, þegar mest frægð þykir vera í „hálfleika“ og „millibils“-fræðum.

Ritstj.

Helgidómar heimskunnar
 hjá oss bubbnir lifa;
 í landnámssögu lýginnar
 lof um hræsni skrifa.

Dó að helgrí himinlind
 hátt þeir lyfti brúnum,
 sakleysisins sönnu mynd
 sæu þeir bezt á frúnum.

Þangað líf eg bara beint
 bláum augum mínum.
 Þær eru, faðir, fyr og seint
 fegri englum þínum.

Heilagleikans háu völd
 hæfa tæpast neinum
 nú á okkar nýju öld
 nema höggnum steinum.

Fullkominunin fjandans til
 fer með vanga bleika.
 Hún er aðeins apaspil
 ómögulegleika.

Algjörleikans æðsta val
 aldrei verður fundið.
 Það er gráðu- og tímatal,
 tíð og veðrum bundið.

Sjálfka og Blekking hönd í hönd
 hagnaðsstrá sín vökva.
 Lifir þeirra lúmska önd
 lengst á því að skrökva.

Og í vorum stóra stað
 stendur sérhver gleiður,
 þar sem ekki þekkist að
 þjóðarsmán og heiður.

Lýgin hjá þeim fjóma ber
líkt og engill kæmi.—
Framkoman og orðbragð er
eins og reikningsdæmi.

Lýðsins tunga lofar þá—
lýður háls sinn beygir.
Hjá þeim gungan athvarf á
ef hún bara þegir.

Þjóðin æpir þúsundfalt
þeirra góðu kenning:
Vera ekkert — *virðast alt*:—
VESTUR-ÍSLENZK MENNING!

Þeir eru sléttir það eg veit
þeirra silkikjólur,
altaf þekkjast úr í sveit
eins og barnaskólar.

Þeir eru gærur úlfum á—
ábreiðan í laumi.
Smýgur andstyggt innan frá
út með hverjum saumi.

Fláttskapur þeim feld þann gaf
fullkomnun að sýna.
Helgistél og hræsnislafl
hafa gjört þá fína.

Þeir, sem ei um þeirra dyr
þjóta eftir kalli,
eru gallagripirnir—
gjarnt mun þeim við falli.

Almenningsins ráma raust,
rétt síns vana kveður
yfir þeim, og endalaust
óbænunum hleður.

Sama er mér. Eg sáttur er,
þeir sjái mína galla.
Þeir eru ljúfast lánið mér
lífsins daga alla.

Það, sem flestum þykir bezt,
það er oftast magrast.
Það, sem lýta þykir mest,
það er sumum fagraast.

Skapari, eg þakka þér,
þú mér lætur skína
gallana, sem gafstu mér—
gimsteinana mína.



Dr. Chas. W. Eliot.




DR. ELIOT, forseti Harward háskólans, er talinn fremsti fræðimaður Ameríku nú á þessum tíma. Í rúm 40 ár hefir hann veitt háskólanum forstöðu, og hefir um allan þann tíma sýnt staka stjórnvizku, því margur hefir sagt, að engu minni vandi væri að stjórna svo stórri stofnun og gjöra alla hlutaðeigendur ánægða en þó um heilt ríki væri að ræða. Í stjórnartíð hans hefir skól-
anum farið ákaflega mikið fram. Hann var helzti skóli landsins, og hann er það enn með miklum afburðum. Eignir hans hafa margfaldast, svo þær skifta tugum milljóna nú, nemendatala þrefaldast og kennaratala vaxið að sama skapi. Margvíslegar umbætur hefir hann gert í kennslu fyrirkomulagi skólans, svo sem að setja viss inntökuskilyrði, og að þeim fullnægðum, að leyfa nemendum að velja sinn eigin veg gegn um skólann. Fjöldi ritgjörða og bóka liggja eftir hann, um mentamál, kenslu-

aðferðir o. s. frv. Embætti sitt hefir hann hafið svo, að nú er það álitid einhver virðingarmesta staðan í Bandaríkjunum. Dr. Eliot hefir verið ágætlega vinsæll maður.

Það þótti því miklum tíðindum sæta á þessu hausti, er hann tilkynti skólaráðinu, þann 5. Nóv., að hann léti af embætti með vorinu. Hefir hann þá útent 40 ára tíma sem forseti. Voru margar getur leiddar að því vegna hvers hann segði af sér, því hann er enn við ágætis heilsu og ern og ungur í anda, þótt hann sé orðinn hálf áttraður, (f. 20. Marz, 1834).

Orsök fyrir uppsögn sinni vildi hann ekki tilgreina um leið



Dr. Chas. W. Eliot.

og hann sagði af sér. En svo söfnuðust margir háskólanemendur í kring um hús hans kveld eitt eftir, sungu skólasöngva og húrruðu fyrir minni hans, kom hann þá fram á vindsvallirnar og hélt ræðu fyrir þeim. Honum fórust orð á þessa leið:

„Koma yðar í kvöld hefir vakið hjá mér fögnuð og þökk. Í gær var eg beðinn að segja ástæður fyrir uppsögn minni, en eg neitaði því. Í kveld finn eg mér skylt að segja yður það í fáam orðum. Það hefir verið komið með ýmsar tilgátur en engar sannar. Því hvorki er eg karlægur né þreyttur, og enn sem komið er, að svo miklu leyti sem eg veit, er heilsa mín í bezta

lagi. En með uppsögn minni nú meina eg, að eg láti af embætti áður en svo er komið fyrir mér. Þegar maður er orðinn 75 ára gamall ætti hann að fara að hugsa um hvíld og halda kyrru fyrir.

„Eg vonast til, að þó eg dragi mig hérestir í hlé, þá verði það ekki skoðað sem neitt hrygðarefni, þér og aðrir ættuð miklu fremur að fagna og líta með öruggri von til framtíðarinnar, er ber mikið meira í skauti en hin liðna tíð. Vér ættum allir að snúa oss að því að leita að einhverjum ungum nýtun og efnilegum manni, er hér tæki við. Vér þörfnumst manns, er með alúð og óþrotlegum dugnaði skipi nú þessa virðingarverðu, áhrifamiklu, en mjög svo erfiðu stöðu, og reisi háskóla þenna á herra stig en hann stendur á nú. Hann hefir verið æðsta mentastofnun þessa lands í 270 ár, og það á hann að vera framvegis, en það er ólíku erfiðara en verið hefir að halda honum svo, eftir því sem þjóð vor þroskast að auði og menningu.

„Verkefni það, er verið hefir mitt hlutskifti nú í heilan mannsaldur, hefir jafnan verið hið ánægjulegasta, og það er með söknuði að eg legg það starf niður. Að öðrum efnum hvarflar hugur minn tæplega héðan af. En mitt hlutskifti er orðið mikið og ójafnt við marga. Í full 40 ár hefir mér verið veitt að fylgja köllun þeirrar stéttar, er ekki á sinn líka um víða veröld. En það er verkefni vort framvegis að finna einhvern í minn stað, er vera megi stöðu sinni og stofnun til heilla og sæmdar. Verið sælir! Góða nótt!“

Naumast hafði hann lokið ræðu sinni er skólasveinar húruðu fyrir honum á ný, svo að undir tók um allan skólagarð, og hófu lagið „Fair Harward“, hinn forna uppáhaldssöng skólans, kom hann þá fram á svalirnar á ný og kona hans með honum, og sögðu þeir er næstir honum stóðu að hann hefði tárast.

Þess er getið, að í stað hans verði settur Dr. Herbert Putnam, landskjalavörður Bandaríkja. Hann er gamall Harward maður, útskrifaður þaðan 1883. En fari svo, er það talið víst að fyrir landskjalavörð verði skipaður hinn núverandi sendiherra Bandaríkjanna í Danmörku, Dr. Francis M. Egan, skáld gott og rithöfundur mikill, vin Roosevelt's forseta.

Síðan uppsögn Eliots varð hljóðbær hefir hver mentastofnunin á fætur annari, í Ameríku og Bretlandi, keppst við að láta í ljósi virðingu sína fyrir persónu og starfi hans.

Dr. Eliot hefir alla æfi veri einn fremsti leiðtogi Unitara, og er sonur hans, eins og kunnugt er, forseti Ameríkanska kyrkjufélagsins. Nú á þessu síðasta ári tók Dr. Eliot að sér, með tveimur öðrum mentamönnum þar eystra, að safna æfi-atríðum helztu leiðtoga þeirrar kyrkju á öldinni sem leið, og kemur sú bók út vonandi á þessu næsta ári. Ætti hún að verða að mörgu fróðleg. Ótal fleiri starfa hefir hann leyst af hendi í þarfir félagsins. Áhrifa hans verður þar lengi vart, þegar hans missir við, engu síður en í mentamálu Vesturálfu.



EIGINGIRNI.



VÍÐ byggjum heimilið okkar handa okkur sjálfum, en ekki fyrir aðra.“

Þessi orð heyrði eg töluð fyrir löngu síðan, af lukkulegum ungum, nýgiftum hjónum, sem voru að byrja ferðina gegn um lífið, hvort við annars hlið.

Orðin fundust mér hljóða svo sönn og skynsamleg. Þá var eg líka ung og óreynd og hafði svipaðar skoðanir og þau. Ekki hugsaðist mér að þessi orð hefðu í sér fóligna neina sjálfselsku, sem þýddi sama sem við erum lukkuleg og þurfum því ekki aðra en okkur sjálf.

Svo leið eitt ár, þá heimsókti eg þessi hjón, því konan var vinkona mín og skólasystir. Þau reyndust glöð og lukkuleg hvort með annað.

Svo liðu nokkur ár og eg kom oft til þeirra. Nú var konan orðin talsvert breytt, átti nú 4 börn og þóttist eg viss um að nú væri hún á tindi sannrar lukku, en því var ekki svo varið.


Maðurinn hafði orðið fyrir dálitlum vonbrigðum í einhverjum gróða fyrirtækjum, sem gerðu hann ónugan og þunglyndan á heimilinu. Konan, sem var álitin gáfuð og fjörug meðan hún gekk á skóla, virtist nú þreytt, og sama um alt nema eldhúsið og klæðnað barnanna, það var alt í bezta lagi. Andlitsdrættirnir lýstu veiklun, andlega og líkamlega. Eg spurði hvað að gengi. Hún sagðist bara vera þreytt og leiðindafull, það væri altaf sama hringferðin. Jón væri líka þreyttur, en það væri nokkuð annað,—hann hefði klúbbinn sinn og hitti fólk til að tala við. Er hann oft burtu, spurði eg. Ó nei, en það er oft næstum verra þegar hann er heima, því hann er svo þver og þögull; — við höfum nú annars ekki mikið að segja hvort öðru, í það minnsta ekki eg, sem aldrei kem út. Jón segir að eg hafi ekki vit á neinu, alt sé orðið svo breytt síðan eg var með.

Nú liðu nokkur ár, og enn kem eg á þetta heimili. Nú mætir vinkona mín mér með andlit ljómandi af lukku og heilbrigði. Yfir stásstöfu dyrunum stóðu þessi orð með stóru lettri.

„OPIÐ FYRIR ÖLLUM.“

Já kæra, sagði konan, þegar hún sá undrun mína yfir þessum orðum. Jón og eg fundum út að við vorum ekki sköpuð til að vera einbúar og við erum ríkari og ánægðari nú, síðan við tókum þátt í annara söng og gleði. Það var að verða dimmt og kalt hjá okkur, en nú er bjart og hlýtt aftur. Við höfum opnað dyrnar fyrir meðbræðrum vorum.

(Aðsent)



SMÁPISTLAR ÚR BÚDDISKU.

I. HEIMSKINGINN.

LÖNG er nótt þeim er vakir og fær ekki sofð. Langt er hvert skeiðrúm þeim sem þreyttur er; langt er lífið heimskum manni, er engan tilgang finnur æfinni.

Verði enginn á vegi ferðamannsins að honum sé fremri eða jafningi hans, þá haldi hann áfram ferðinni aleinn. Betra er að fara einförum en bindast félagsskap með flónum.

„Þessa sonu á eg og þenna auð á eg.“ Með þessum hugsunum þjáir heimskinginn sig. Hann, sem ekki á sig sjálfan, hve miklu síður marga sonu og mikinn auð.

Heimskinginn er veit að hann er heimskur, er að minnsta kosti spakur svo langt sem það nær. En heimskinginn, er heldur að hann sé spakur, er sannarlegur fáviti.

Þótt heimskingi hafi umgang með spökum manni alla sína æfi, finnur hann ekki fremur sannleikann en skeiðin finnur bragðið að súpunni.

Enga verri óvini á heimskinginn en sjálfann sig, því verk hans öll verða honum til óhamingju og bera beizka ávexti. Þó heldur hann að ávextirnir verði sætir sem hunang áður en verkið er fullnað. En þegar þeir eru fullnaðir eru þeir beizkari en gall.

II. SPEKINGURINN.

Fyrirhittir þú spakann mann, er segi þér hvar þú getir leitað hinna sönnu auðæfa, er segir þér hvað þú skulir varast, er vítir ósannsögli; betra en ekki verra er þeim, er fylgir honum.

Lát hann víta, lát hann kenna, lát hann fyrirbjóða ósamilega hluti!— Réttisýnir menn unna honum fyrir það. Þeir ranglátu hata hann.

Gjör ekki illvirkja að vinum, gjör ekki smámenni að vinum: Vel sændarmenn að vinum. Eig beztu menn að vinum.

Eins og bjargið bifast ekki við veðrið, svo æðrast ekki spekingurinn við hróp né hrós.

Spakur maður heldur áfram hvað sem á gengur; hvort heldur snertur af sorg eða gleði, sýnir hann hvorki æði né ofsakæti.

III. ILLMÆLGI.

Hverjum manni er fæðist er lagt sverð í munn. Á því skaðar heimskinginn sig, er hann illmælir.

Sá, er lofar þann sem er lýta verður og lastar þann sem er lofsverður, tekur sér synd í munn, og í þeirri synd gefst honum engin gleði.

Lítilsverð er sú synd að kasta frá sér eignum með teningspili, hjá því að spilla annars huga með lognum getsökum.

Sá, er iðkar lygar, fer til helvítis, og sá, hafi hann eitthvað gjört en segir: „Ekki hefi eg gjört það.“ Eftir dauðann verða þeir jafnir í öðrum heimi, menn sekir um illan verknað.

Sá, er rægir saklausan mann, lausan við alla óvirðingu, illyrði hans snúast á hann sjálfan, eins og rykið, er kastað er upp í vindinn.

Sá, sem seldur er ágirnd og öfund, hann illmælir öðrum, en er sjálfur vantrúaður, naumur, ógreiðvikinn, óvingjarn, bakmálugur.

Ó þú illmálgi, fláráði, óveglegi, slaðrandi, smái, syndugi, lágborni illgjörðamaður! Varast margmálgi hér í heimi ella gistir þú kvalastaðinn. Þú leggur ólyfjan á ógæfu annara, atyrðir þá réttlátu, með synd þinni og misgjörðum fellur þú í dýkið.

Því gjörðir manna tynast ekki, þær fylgja mannum út fyrir æfina inn í annan heim.

IV. HVERFULLEIKI LÍFSINS.

Sannarlega, skamt er þetta líf. Innan hundrað ára fæðist maðurinn og deyr. Lífi hann lengur nær ellin honum samt.

Fólk ber áhyggjur, eilifar sorgir eyða aldri þess. Jafnvel það, er menn segja um „þetta er mitt“, skilur dauðinn eftir.

Líkt og maður er vaknar af svefni sér ekki lengur það sem hann hefir dreymt, á sama hátt sér hann ekki ástvininn eftir að hann er horfinn í dauða. Bæði sénir og heyrðir eru menn er gegnt geta til nafns, en aðeins varðveitist nafnið frá rotnun er maðurinn deyr.

V. RÉTTLÆTI.

Enginn sá, er réttlátur er, stjórnar með valdi og yfirgangi; nei, sá er aðgreinir gott og illt er lærður og leiðir aðra, ekki

með ofbeldi, heldur með sannleika og lögum, og sjálfur er lög-
hlýðinn og vitur, hann er réttlátur.

Enginn er lærður þó horum sé laust um mál, en sá sem er
hóglátur, laus við ótta og hatur, hann er vel mentur.

Enginn er öldungur þó hann sé grár á höfuð; aldurinn vex,
hárið gránar, en hann gjörist gagnslaust gamall.

Sá, er í býr sannleikur, kærleikur, manndómur, sjálfsstjórn,
hóflæti, er laus við illar hugsanir, sá er spekingur og sannnefnd-
ur öldungur.

SÆLA.

Lifum velsælir, hötum ekki þá er hata oss, meðal manna
er hata oss, látum oss búa, en berum ekki hatur til þeirra.

Lifum velsælir, lausir við ágirnd meðal ásælinna, meðal
manna fullir ágirndar látum oss búa, en ágirnumst ekki.

Ágirnd brennur eldi heitara, og haplaust er alt hatur.

Heilsan er gjafa bezt, nægjusemin æðsti ríkdómur og traust-
ið betra en frændalið.

Þann, sem laus er við ástríður, ást og hatur, ótta og undir-
gefni, sorg og gleði, hann metur heimurinn mikils.

Ættingjar, vinir og vandamenn, fagna þeim er lengi hefir
verið fjarlægur, en kemur heill heim. Þannig bíða mannsins
allar hans góðu gjörðir, er hann hverfur frá þessum heimi til
annars, eins og ættingjar og vinir fagna þar komu hans.

„Alt skapað líður undir lok,“ sá er þetta sér tekur lífinu
með alvöru og stillingu.

Með ástundun safnar maður vizku, með iðjuleysi glatar
maður henni. Sá, er þessa tvo vegu aðgreinir, velji sér þann
að hann vaxi að þekkingu.

Allar ytri myndir eru ósannar. „Hér mun eg dvelja þá
regnið fellur, hér um vetur hér um sumar,“ svo hugsar heimsk-
inginn, en hugsar ekki til síns skapadægers.

Dauðinn kemur og hrífur hann á brott, sælann af sonum og
sælann af fé, hrasandi í huga, eins og flóðið fellir bæinn þá fólk
er í svefni.

Ekki bjarga synir, ekki faðir, ekki vandamenn: Enginn
styrkur eru ættingjar þeim sem dauðinn hefir dæmt sér.

Vitur maður og sæll er sá, er þetta skilur, sér eilífleikans
veg.

(Lauslega þýtt.)

Siglinga-vísa.

Þessi vísa var send Heimi, og er hún eftir aldraðann mann, einkar skýrann og vel viti borinn. Visan er kveðin heima á Íslandi.

ÞRIMILL, undir breiðum voðum,
brunar fagran sæinn á.
Þegar spýtir bylgjan boðum,
brjósti froðan streymir frá.
Hvín í reiða rymja stengur,
raular Dröfn en Kári hlær;
syngja bönd, en svigna rengur,
súðaljón þá ösla fær.

þorst, Ásmundsson.



„Viða er pottur brotinn.“

Genesis, 16, 1-6.

ABRAHAM var ekki frí,
í því líktist hinum.—
Nú var hann þó naumast í
Norður-söfnuðinum.

Svá.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar einn dollar um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIE ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.